

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2024
UST202411-002/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn - Uppgræðsla í Krýsuvík

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í erindinu kemur fram að Hafnarfjarðarbær áformar að gróðursetja birkitré í Krýsuvík. Hafnarfjarðarbær sótti um í Landbótasjóð og fékk 10.000 birkitré frá Landi og skógi, sem komnar eru á fyrirhuguð uppgræðslusvæði. Áformað er að gróðursetja á tvo staði, annars vegar við suðvestur enda Kleifarvatns, heildarstærð þess svæðis er um 13 ha. Hins vegar er svæði við vesturhlíðar Vegghamra, en það er um 3 ha að stærð. Einnig er 1 ha svæði inn með Vegghömrum, sem hægt væri að gróðursetja í ef hin svæðin við Vegghamra eru ekki nógu stór.

Umhverfismat - Verndarsvæði

Í greinargerð segir að óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdar byggða á tölulíð 1.05 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. uppgræðsla lands á verndarsvæðum. Hér eru verndarsvæðin friðlýst svæði, nútímahraun og vistgerðir með hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt hefði verið að verndarsvæðin, þ.e. Reykjanesfólkvangur og Eldborg væru umhverfisþættir í umhverfismatinu með viðeigandi matsspurningum og viðmiðum.

Í kafla 6 er náttúruminjasrá höfð sem viðmið undir umhverfisþættinum Ásýnd og Lífríki á landi. Hins vegar er lítil umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi hina friðlýstu svæða.

Friðlýsing og leyfisveiting

Í greinargerð segir að það þurfi leyfi Umhverfisstofnunar fyrir uppgræðslu innan Reykjanesfólkvangs. Umhverfisstofnun bendir á að allt jarðrask er bannað innan

fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til sbr. auglýsing um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975.¹ Aðrar reglur um uppgræðslu eru ekki í friðlýsingarskilmálunum.

Því þarf að fjalla nánar um hvort eitthvað jarðrask verður innan fólkvangsins vegna framkvæmdarinnar enda er það forsenda þess að framkvæmdin sé leyfisskyld hjá Umhverfisstofnun.

Fylgi framkvæmdinni jarðrask þarf því að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar en með leyfisumsókn skal fylgja nákvæmt kort yfir svæðið, lýsing á hvernig framkvæmdin færi fram og hvaða jarðrask verði af framkvæmdinni.

Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þær framkvæmdir sem eru fyrir utan friðlýst svæði sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau í samræmi við 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Vistvangur

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með vistvangi í tengslum við aðalskipulag sveitarfélagsins, hver tilgangur hans er og afmörkun hans.

Áburður

Umhverfisstofnun bendir á að með dreifingu hrossataðs getur borist með því frætegundir plantna sem ekki finnast í nágrenni fyrirhugaðs uppgræðslusvæðis meðal annars af túnum og högum þar sem hrossin eru á beit. Stofnunin hefur lagt áherslu á það þegar leyfi eru veitt innan friðlýstra svæða þar sem gróðurþekja er rofin að notast sé við staðargróður við uppgræðslu raskaðra svæða. Þar sem því sé ekki viðkomið sé notast við innlendar tegundir sem ekki er hætt á að breiði úr sér og breyti vistgerð svæðisins.

Því þarf að huga vel að hvort mögulegt sé að nota skít frá hrossum sem hafa verið á beit í svipuðum vistgerðum og eru á svæðinu, annan áburð, mótvægisaðgerðum og jafnvel vöktun.

Umhverfisstofnun bendir á að möguleg mótvægisaðgerð gæti falið það í sér að meðhöndla hrossaskítinn þannig að tryggt sé að fræ í skítinum séu ekki lengur spírunarhæf við dreifingu. Einnig þarf að gæta þess að ekki verði áfok í skítinn við geymslu með tilheyrandi fræúrvali.

Náttúruvætti - Eldborgar undir Geitahlíð

Umhverfisstofnun telur mynd 4.2. vera óljósa, en mikilvægt er að sýna nákvæma afmörkun á uppgræðslusvæðinu og afmörkun á verndarsvæði náttúruvættisins. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að með uppgræðslu birkis í jaðri verndarsvæðis náttúruvættisins getur

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/reykjanesfolkvangur_520_1975.pdf

Það farið að dreifa sér inn fyrir mörkin og haft áhrif á náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu og ásýnd þess sem getur leitt af sér neikvæði áhrif á verndargildi.

Því er nauðsynlegt að meta áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi Eldborgarsvæðisins.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er í jaðri hraunasvæða sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Hér er ekki um að ræða framkvæmd sem mun raska hrauni, en eins og fjallað er um að ofan geta fræ borist frá framkvæmdarsvæðinu inn á hraunasvæðin sem verður til þess að verndargildi þess getur rýrnað.

Umhverfisstofnun bendir á að hraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna

framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Val á svæðum

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um fleiri valkosti fyrir staðsetningu á uppgræðslusvæðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valin séu svæði sem munu ekki rýra verndargildi fólkvangsins og náttúruvættisins.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf nánar um:

- Áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæðin, Reykjanesfólkvangur og Eldborg.
- Leyfisveitingar Umhverfisstofnunar.
- Fjalla þarf nánar um áhrif áburðardreifingar og gróðursetningar á verndarsvæðin og hraun.
- Valkosti (staðarval).
- Mótvægisáðgerðir (t.d. meðhöndlun áburðar).
- Vöktunaráætlanir.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum, fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktunaráætlun, telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur